



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda á árunum 2019 - 2021

Janúar 2022

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á árunum 2019, 2020 og 2021. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast árlega á vefsíðu Barnaverndarstofu.

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði lítillega á árinu 2021 miðað við árið á undan, eða um 0,9%, en um 16,9% ef miðað er við árið 2019. Fjöldi tilkynninga á árinu 2021 voru 13.264 tilkynningar. Tilkynningum fjölgaði á árinu 2021 á landsbyggðinni sem og í nágrenni Reykjavíkur, sé miðað við árið 2020, en voru færri í Reykjavík.

Flestar tilkynningar á árinu 2021 voru vegna vanrækslu á börnum eða 42,3% allra tilkynninga og er það svipað hlutfall og síðustu ár. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis gegn börnum á árinu 2021 var 28,9%, svipað og árið á undan en hlutfallið var 26,4% árið 2019. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 28% á árinu 2021 en árið 2020 var þetta hlutfall 27,1% og 30,9% árið 2019. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Tilkynningum vegna vanrækslu á börnum á árinu 2021 fækkaði um 1% miðað við árið á undan, en voru 18% fleiri en á árinu 2019. Tilkynningum varðandi vanrækslu varðandi nám fjölgaði á milli ára. Á árinu 2021 bárust 266 slíkar tilkynningar en voru þær 239 á árinu 2020 og 220 á árinu 2019. Voru tilkynningar vegna vanrækslu varðandi nám því 11,3% fleiri á árinu 2021 en þær voru á árinu 2020, en sé miðað við 2019 bárust 20,9% fleiri slíkar tilkynningar.

Tilkynningum vegna ofbeldis gegn börnum á árinu 2021 fjölgaði um 1,6% miðað við árið á undan, en voru 28% fleiri en á árinu 2019. Á árinu 2021 bárust 2.245 tilkynningar vegna tilfinningalegs ofbeldis en þær voru 2.448 á árinu 2020 og 1.905 árið 2019. Tilkynningar vegna tilfinningalegs ofbeldis voru því 8,3% færri en bárust á árinu 2020, en hér ber að nefna að árið 2020 bárust óvenju margar tilkynningar vegna tilfinningalegs ofbeldis. Þá hefur tilkynningum vegna kynferðislegs ofbeldis fjölgað mikið á milli ára. Á árinu 2021 bárust 720 tilkynningar vegna kynferðislegs ofbeldis, eða 39,8% fleiri tilkynningar en á árinu 2020. Ef miðað er við 2019 er munurinn enn meiri, eða sem nemur 51,6%.

Tilkynningum vegna áhættuhegðunar barna á árinu 2021 fjölgaði um 4,5% miðað við árið á undan, en voru 5,8% fleiri en á árinu 2019.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 38,3% tilkynninga á árinu 2021. Er það í samræmi við fyrri ár en þó örlítið minna hlutfall en árin á undan. Tilkynningum frá skólum og heilbrigðiskerfinu hefur farið fjölgandi. Á árinu 2021 bárust 1.846 tilkynningar frá skólakerfinu, samanborið við 1.573 og 1.617 á árinu 2020 og 2019. Á árinu 2021 bárust 10,4% fleiri tilkynningar frá heilbrigðisþjónustu, sé miðað við árið 2020, en 26,3% fleiri tilkynningar sé miðað við árið 2019.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2021 var 10.715 börn, en árið á undan voru þau 10.400 og 9.054 börn árið 2019. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga eftir kynjum

Kyn	2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	6.195	54,6	7.188	54,7	7.105	53,6
Stúlkur	5.066	44,7	5.816	44,2	6.051	45,6
Annað ¹	-	-	2	0,1	7	0,1
Ekki vitað ²	83	0,7	136	1,0	101	0,8
Samtals	11.344	100,0	13.142	100,0	13.264	100,0


¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlaus skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv. lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæðum

Landsvæði	2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	4.677	41,2	5.318	40,5	4.954	37,4
Nágrenni Reykjavíkur ¹	3.000	26,4	3.500	26,6	3.600	27,1
Landsbyggð	3.667	32,3	4.324	32,9	4.710	35,5
Samtals	11.344	100,0	13.142	100,0	13.264	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	3.498	38,6	3.913	37,6	3.830	35,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	2.470	27,3	2.870	27,6	2.898	27,1
Landsbyggð	3.086	34,1	3.617	34,8	3.987	37,2
Samtals	9.054	100,0	10.400	100,0	10.715	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	4.941	54,6	5.714	55,0	5.724	53,4
Stúlkur	4.058	44,8	4.600	44,2	4.895	45,7
Annað ¹	0	0,0	0	0,0	8	0,1
Ekki vitað ²	55	0,6	86	0,8	89	0,8
Samtals	9.054	100,0	10.400	100,0	10.715	100,0

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	6.375	70,4¹	7.289	70,1¹	7.410	69,2¹
<i>Drengir</i>	3.418	53,6	3.860	53,0	3.807	51,4
<i>Stúlkur</i>	2.918	45,8	3.360	46,1	3.554	48,0
<i>Annað eða ekki vitað³</i>	39	0,6	69	0,9	49	0,6
Þar af nýjar kannanir	3.006	33,2¹	3.216	30,9¹	3.532	33,0¹
<i>Drengir</i>	1.593	53,0	1.640	51,0	1.755	49,7
<i>Stúlkur</i>	1.392	46,3	1.537	47,8	1.731	49,0
<i>Annað eða ekki vitað³</i>	21	0,7	39	1,2	46	1,3

¹ Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

² Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarnefndir flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu á börnum, ofbeldi gegn börnum, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla á börnum	4.759	42,0	5.670	43,1	5.614	42,3
Ofbeldi gegn börnum	2.990	26,4	3.765	28,6	3.827	28,9
Áhættuhegðun barna	3.509	30,9	3.554	27,1	3.714	28,0
Vegna ófædds barns	86	0,8	151	1,1	102	0,8
Alls	11.344	100,0	13.142	100,0	13.264	100,0

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019.

Auk þeirra tilkynninga sem hér koma fram, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju á árinu 2020 og sjö á árinu 2021. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga.


Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirflokkum t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Vanræksla á börnum undirflokkar	2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	4.759	42,0	5.670	43,1	5.614	42,3
<i>Drengir</i>	2.372	49,8	2.924	51,6	2.930	52,2
<i>Stúlkur</i>	2.387	50,2	2.746	48,4	2.684	47,8
Líkamleg vanræksla	225		249		236	
<i>Drengir</i>	121	53,8	129	51,8	128	54,2
<i>Stúlkur</i>	104	46,2	120	48,2	108	45,8
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	4.137		5.026		4.900	
<i>Drengir</i>	2.061	49,8	2.579	51,3	2.584	52,7
<i>Stúlkur</i>	2.076	50,2	2.447	48,7	2.316	47,3
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	1.635		2.114		2.006	
<i>Drengir</i>	814	49,8	1.055	49,9	1.065	53,1
<i>Stúlkur</i>	821	50,2	1.059	50,1	941	46,9
Vanræksla varðandi nám	220		239		266	
<i>Drengir</i>	129	58,6	148	61,9	120	45,1
<i>Stúlkur</i>	91	41,4	91	38,1	146	54,9
Tilfinningaleg vanræksla	331		438		416	
<i>Drengir</i>	152	45,9	242	55,3	199	47,8
<i>Stúlkur</i>	179	54,1	196	44,7	217	52,2

Ofbeldi gegn börnum undirflokkar	2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ofbeldi	2.990	26,4	3.765	28,6	3.827	28,9
<i>Drengir</i>	1.469	49,1	1.873	49,7	1.843	48,2
<i>Stúlkur</i>	1.521	50,9	1.892	50,3	1.984	51,8
Tilfinningalegt ofbeldi	1.905		2.448		2.245	
<i>Drengir</i>	961	50,4	1.251	51,1	1.139	50,7
<i>Stúlkur</i>	944	49,6	1.197	48,9	1.106	49,3
Þar af heimilisofbeldi	908		1.167		1.171	
<i>Drengir</i>	460	50,7	623	53,4	600	51,2
<i>Stúlkur</i>	448	49,3	544	46,6	571	48,8
Líkamlegt ofbeldi	681		906		965	
<i>Drengir</i>	391	57,4	522	57,6	562	58,2
<i>Stúlkur</i>	290	42,6	384	42,4	403	41,8
Kynferðislegt ofbeldi	475		515		720	
<i>Drengir</i>	147	30,9	145	28,2	195	27,1
<i>Stúlkur</i>	328	69,1	370	71,8	525	72,9

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættuhegðun barna	3.509	30,9	3.554	27,1	3.714	28,0
<i>Drengir</i>	2.354	67,1	2.379	66,9	2.333	62,8
<i>Stúlkur</i>	1.155	32,9	1.175	33,1	1.381	37,2
Neysla barns á vímuefnum	732		597		595	
<i>Drengir</i>	464	63,4	369	61,8	358	60,2
<i>Stúlkur</i>	268	36,6	228	38,2	237	39,8
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.247		1.318		1.277	
<i>Drengir</i>	733	58,8	729	55,3	600	47,0
<i>Stúlkur</i>	514	41,2	589	44,7	677	53,0
Afbrot barns	725		774		774	
<i>Drengir</i>	560	77,2	599	77,4	559	72,2
<i>Stúlkur</i>	165	22,8	175	22,6	215	27,8
Barn beitir ofbeldi	623		742		879	
<i>Drengir</i>	485	77,8	614	82,7	718	81,7
<i>Stúlkur</i>	138	22,2	128	17,3	161	18,3
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	340		248		298	
<i>Drengir</i>	212	62,4	142	57,3	150	50,3
<i>Stúlkur</i>	128	37,6	106	42,7	148	49,7



Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu

	2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu¹	664	100,0	881	100,0	743	743
<i>Drengir</i>	327	49,3	448	50,9	368	49,5
<i>Stúlkur</i>	313	47,1	411	46,7	351	47,3
<i>Ekki vitað²</i>	24	3,6	22	2,5	24	3,2

¹ Fram til áramóta 2020-2021 var þessi skráning byggð á mati tilkynnanda, þ.e. hversu oft tilkynnandi taldi tiltekið barn í hættu. Frá 1. janúar 2021 hefur þessi skráning verið byggð á mati barnaverndarstarfsmanns.

² Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	57	0,5	68	0,5	77	0,6
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	530	4,7	755	5,7	708	5,3
Nágrannar	752	6,6	1.032	7,9	796	6,0
Önnur barnaverndarnefnd	183	1,6	234	1,8	169	1,3
Félagsþjónusta/þjónustumiðstöð	307	2,7	336	2,6	386	2,9
Lögregla	4.754	41,9	5.103	38,8	5.081	38,3
Skólaþjónusta	1.617	14,3	1.573	12,0	1.846	13,9
Leikskóli/dagforeldri	229	2,0	247	1,9	234	1,8
Heilbrigðisþjónusta	1.142	10,1	1.306	9,9	1.442	10,9
Foreldrar barns	776	6,8	993	7,6	1.042	7,9
Aðrir	997	8,8	1.495	11,4	1.483	11,2
Samtals	11.344	100,0	13.142	100,0	13.264	100,0